

# Sermi gegn lambablóðsótt

Lambablóðsóttarsermi er framleitt í hrossum sem gerð eru ónæm gegn lambablóðsóttarsýklum (*Clostridium perfringens B*) og eiturefnum þeirra.

Sermið er ætlað til þess að verja þess að verja lömb gegn lambablóðsótt. Það veitir nokkra vörn í 2 vikur.

**ATH:** Eindregið er mælt með því að bólusetja ærnar gegn lambablóðsótt til að verja lömbin. Sermið skal einungis nota í neyðartilvikum ef bólusetning hefur misfarist.

## Leiðbeiningar um notkun:

Notið dauðhreinsaðar sprautur og nálar. Gætið ávallt ítrasta hreinlætis.

Fyrst er gúmmískífan í miðjum tappanum þvegin með bómull vættri í spritti.

Sprautunálinni er stungið í gegnum gúmmískífuna miðja. Þá er glasinu hvolft og sogaðir upp í sprautuna jafnmargir skammtar og nota á í það skiptið. Tappann má aldrei taka úr glasinu.

Ef ekki er tæmt úr öllu glasinu í einu er best að nota sérstaka nál til að stinga ofan í glasið og aðra til að sprauta lömbin með.

Til að verja unglömb gegn lambablóðsótt þarf að sprauta 1 ml af serminu undir húð. Sprauta skal lömbin strax eða mjög stuttu eftir burð (helst áður en 1-2 klst eru liðnar frá burði).

Best er að sprauta öll lömbin á sama stað, t.d. í herðakamb eða læri innanvert.

## Fyrning og geymsla bóluefnis:

Notið sermið ávallt fyrir þann tíma sem stimplaður er á glösin. Sermið skal geyma á köldum, dimmum stað (2-8°C).